# Inngangur- niðurstöður.

Á vegum Skipulags- og byggarsviðs Hafnarfjarðarbæjar er nú unnið að deiliskipulagi í eldri hverfum bæjarins. En deilskipulag fyrir eldri hverfi bæjarins hefur ekki farið fram nema að litlum hluta.

Deiliskipulagssvæðið sem hér um ræðir er um 14 ha. Syðsti hluti svæðisins er milli Suðurgötu og Hringbrautar. Mörk þess að norðan ná að Suðurgötu 7-9 og Lækjargötu 2. Þá eru mörkin umhverfis Hamarinn og lóð Flensborgar eftir austurhluta Selvogsgötu og þaðan í suðvestur að Kvíholti, eftir Ölduslóð og Jófríðarstaðavegi að Hringbraut.

**Í þessari Húsaskrá eru skráð 33 hús. Aldur húsanna er frá 1884 og til ársins 1925. Reynt er að nálagst aldur hvers húss á sem nákvæmst hátt, ásamt öðru sem tenginst sögu hússins, og eru upplýsingar skráðar á viðkomandi hús. Þá er varðveislumat hússins sett sem sérstakar upplýsingar með hverju húsi. Í lokin er samantekt á upplýsingum hvers húss, þar sem tekin eru saman aðalatriði sem komið hafa fram við skráninguna.**

Byggðasafni Hafnarfjarðar var falið skrá staðfræði, ásamt sagnfræðilegri heimildaleit fyrir húsakönnunina. Vinna Byggðasafnsins er unnin af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi MA og Rósu Karen Borgþórsdóttur sem starfar á Byggðasafninu.

Við húsaskráningu Byggðasafnsins fyrir áðurnefnt deiliskipulgassvæði eru eftirfarandi upplýsingar skráðar:

1. **Gata og götunúmer**
   Við þessa vinnu hefur verið unnið upp úr bókum þar sem skráðar eru brunavirðingar, og eru elstu bækurnar sem hægt er að skoða frá árinu 1917, og allt fram á árið 1940. Það getur getur þó reynst erfitt að finna viðkomandi hús þar sem götuheiti og húsmúmer eru jafnvel allt önnur en við þekkjum í dag. Í brunavirðingunni er oftast getið um upphaflega götuheitið og húsnúmer. Í einstaka tilfellum hefur verið bætt við hinu nýja götuheiti og númeri í elstu brunavirðinguna. Ekki er hægt að segja með vissu á hvaða tíma þessi götuheiti og númer hafa breyst en í kringum 1930 er hægt að nefna sem hugsanlegt ártal.

2. **Sérheiti hússins, ef það hefur fengið heiti.**
   Sérheiti húsana eru oft þanning að þau eru kennd við þann sem byggði húsið eða einhverja sem bjuggu í því á einhverjum tíma, eða það er kennt við þá starfsemi sem hefur verið í húsinu. En það getur líka verið eitthvað allt annað heiti sem kemur upp þegar heiti er valið á húsið.

3. **Byggingarár hússins**
   Það má í flestum tilfellum finna rétt byggingarár hússins í skrám Fasteignamats ríkisins, aftan við ártalið er það auðkennt með (FMR). Byggingarár húss getur þó oft verið á reiki, en myndasafn Byggðasafnsins kemur þá oft að góðum notum við staðfestingu byggingarárs, eða bækur og tímarit sem segja frá byggingarári viðkomandi húss. Einnig eru teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar sem hægt er að lesa úr byggingarár.

4. **Fyrsti eigandi viðkomandi húss.**
   Fyrsta eiganda húss má oft finna út frá Brunavirðingunni, upplýsingum frá Íslendingabók, minningargreinum, blaðagreinum eða bókinni „Bær í byrjun aldar" eftir Magnús Jónsson frá árinu 1961, ásamt ótal fleiri bókum sem tengjast Hafnarfirði og Hafnfirðingum á einhvern hátt. Er oft hægt að staðfesta eða komast að því hver hafi verið fyrsti eigandi viðkomandi húss með því að lesa saman upplýsingarnar og brunavirðinguna.

5. **Hönnuður**

Ef teikningar eru til að viðkomandi húsi er hægt að sjá hver hefur teiknað upphaflega húsið, og er það stundum hægt þótt breytingar hafa verið gerðar á húsinu ef upphafleg teikning liggur fyrir með nafni hönnuðar. Þá getur það verið í bókartexta eða blaðagrein sem tengist húsinu hver hafi verið hönnuður. Oft er það líka trésmiður sem er fyrsti eigandi hússins og þá má leiða líkum að því að hann hafi verið hönnuður, og önnur hús á sama tíma draga dám hvor af öðru. Við þessa tilteknu húsaskráningu voru ekki margir hönnuðir nafngreindir.

6. **Tegund/byggingarefni**

Í Brunavirðingum er tekið fram úr hvað efni húsið er byggt sem það liggur oftast nokkuð ljóst fyrir. Einnig má styðjast við ljósmyndir, og loks getur vettvangsskoðun komið að góðum notum.

7. **Upphafleg notkun**

Í Brunavirðingunni er tekið fram hver notkun hússins er, oftast er það svo að viðkomandi hús er íbúðarhús, en ef það er annað, þá er það tekið fram.

8. **Helstu breytingar**

Teikningagrunnur Byggingarfulltrúa er skoðaður og reynt að fá sem bestar upplýsingar um breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu ásamt árinu sem breytingarnar voru gerðar.

9. **Aðrar upplýsingar**

Þar kemur fram elsta Brunavirðing hússins ef hún er til, og aðrar upplýsingar sem tengjast húsinu á einhvern hátt sem eru áhugaverðar varðandi sögu hússins.

## Varðveislgildi húsa.

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt FAÍ á Skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar hefur gert úttekt og mat á varðveislugildi húsa sem falla innan deiliskipulagsins.Við matið er stuðst við svokallaða SAVE- aðferð sem er upprunalega dönsk, en að aðlöguð staðháttum á Íslandi. Við matið er gengið út frá tölunum 1-9, og lægsta tala 1 gefur hæsta gildi, og hæsta tala 9 minnst gildi.[1] Varðveislugildi hvers húss er metið út frá byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalegu ástandi og tæknilegu ástandi.

**1 Byggingarlist**

Er metin út frá hlutföllum, samsvörun í úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt samspili forms, efnismeðferðar og notagildis. Einnig er metið hvort byggingin sé í eðli sínu út frá staðsetningu góð, miðlungi góð eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem hún flokkast í. Einnig getur verið um að ræða gott höfundardæmi hönnuðar hússins. Þetta mat tekur til hefðbundinna húsa og þeirra sem teiknuð eru af arkitekt eða öðrum hönnuði. Matið er miðað við útlit hússins nú, og skal lagt mat á hugsanlegar breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu. Gildi hússins vegna staðbundinnar byggingarhefðar eða -gerðar og handverk metið. Einnig er tekin afstaða til þess hvort fá dæmi séu til um þá byggingargerð sem húsið telst til. Lagt er mat á hvort í húsinu séu dæmi um tæknilegar nýjungar og efnisval miðað við þann tíma sem húsið er byggt á. Að lokum eru skráð sérkenni byggingarlistar hússins og rök fyrir mati á byggingarlist.

**2. Menningarsaga.**

Menningarsögulegt gildi byggingar er m.a. metið út frá því hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu eða það standi á sögufrægum stað. Einnig er mikilvægi húss metið eftir því hvort það sé nánast eina byggingin á svæði þar sem áður fyrr var byggð og sé til vitnis um þróun byggðar, starfsemi og líf sem þar var. Gildi hússins er einnig metið eftir sérstæðri upphaflegri notkun þess t.d. vegna atvinnuhátta sen nú eru aflagðir eða hafa breytist verulega. Að lokum eru skráðar upplýsingar um m. a. hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu.

**3. Umhverfi.**

Umhverfisgildi er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðseting húss í landslagi eða lóð falli að umhverfi eða ekki. Að lokum eru skráðar athugasemdir og rök fyrir mikilvægi hússins í umhverfi sínu.

**4. Upprunaleg gerð**

Húsið er metin út frá hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist, og metið er hvernig tekist hefur til með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar. Einnig er lagt mat á hvernig tekist hefur til með breytingar á húsinu, ef þær hafa verið gerðar, og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins. Hugað er að því hvort samsvörun sé á milli þess sem byggt var og er sjáanlegt í dag, og húsið þannig til vitnis um þá verkmenningu sem rikjandi var á byggingartíma þess. Að lokum eru skráð rök fyrir mati á varðveislu upprunalegrar gerðar húss eftir hugsanlegar breytingar sem hafa verið gerðar á því .

**5. Tæknilegt ástand og ytra byrði húss**

Metið er út sjónrænt hvort húsinu er haldið vel við og enn fremur lagt mat á almennt tæknilegt ástand þess. Hafa ber í huga að tæknilegt ástand húss hefur að jafnaði ekki áhrif á varðveislugildi þess. Að lokum eru skráðar upplýsingar um tæknilegt ástand húsins og rök færð fyrir mati.

**6. Varðveislugildi**

Húsið er endanlega metið út frá öllum þessum gildum, en gildi hússins frá sjónarmiði byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vegur þyngst, Að lokum eru færð rök fyrir varðveislugildi hússins

[1] Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðinni
Skipulag ríkisins. Þjóðminjasafn Íslands. Húsafriðunarnefnd ríkisins. Nóvember 1996
Guðmundur L. Hafsteinsson

**Varðveisluflokkar.**

Byggingum er skipt niður í þrjá hópa:
Byggingar með hátt varðveislugildi (1, 2 og 3).
Byggingar með miðlungs varðveislugildi (4, 5 og 6).
Byggingar með lágt varðveislugildi (7, 8 og 9).

**Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.**

---

**4. gr.** *Byggingararfur.*
Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:
a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
**5. gr.** *Friðun og friðlýsing.*
Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands. Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.
**15. gr.** *Skráning og skil á gögnum.*
Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja.

**V. kafli. Friðlýsing menningarminja.**
**18. gr.** *Friðlýsing.*
Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.
Minjastofnun Íslands skal hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.
Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.
Friðlýsing húsa og mannvirkja og friðun kirkna sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur gildi sínu.

**VII. kafli. Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja.**
**29. gr.** *Friðuð mannvirki.*
Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.
Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.
**30. gr.** *Verndun annarra húsa og mannvirkja.*
Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.
Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.

**31. gr.** *Friðlýst hús og mannvirki.*

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Sæki eigandi um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.

Kostnaður sem hlýst af skilyrðum sem Minjastofnun Íslands setur, sbr. 2. mgr., greiðist úr húsafriðunarsjóði.

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Brot á ákvæðum greinarinnar sæta viðurlögum skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

**32. gr.** *Spjöll á friðlýstu húsi eða mannvirki.*

Verði friðlýst hús eða mannvirki fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum skal eigandi eða sá er afnot hefur af mannvirkinu gera Minjastofnun Íslands viðvart um það þegar í stað. Lætur stofnunin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu eða endurgerð gilda ákvæði 31. gr.

**33. gr.** *Úrræði.*

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.

Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr.

**34. gr.** *Niðurrif eða flutningur á friðlýstu húsi eða mannvirki.*

Vilji eigandi friðlýsts húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðlýsingar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst senda ráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort umsókninni skuli hafnað, hún samþykkt eða að öðrum kosti hvort skilgreina skuli að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær.

**35. gr.** *Eftirlit.*

Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Minjastofnun Íslands hefur rétt til að framkvæma eiganda að kostnaðarlausu hvers konar eftirlit með friðlýstu húsi og mannvirki og skoðanir sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

**Aldur húsa og friðun, fylgiskjal með Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.**

Í stefnumörkun um húsverndun í Hafnarfirði, sem er fylgiskjal með Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, eru afmörkuð svæði sem byggja aðallega á tímaskeiði uppbyggingar og byggðamynstri. Stór hluti skipulagssvæðisins er á svæði sem hefur mikla sérstöðu og krefst þess að aðgát sé höfð við breytingar á húsum og þess gætt að götumynd raskist ekki.

Hús sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Þá skal leita álits Minjastofnunar Íslands ef menn hyggjast breyta, flytja eða rífa hús sem voru byggð fyrir 1925 (lög nr. 80/2012 um menningarminjar).

Selvogsgata byggðist á árunum 1923-1948, hús nr. 9 við Holtsgötu er frá 1906 en annars byggðist gatan að mestu á árunum 1931-1950. Svæðið milli Suðurgötu og Hringbrautar er í flokki II samkvæmt stefnumörkun um húsverndun

og þar er þess getið að það myndi að mestu tiltölulega samfellda byggð yngri bárujárnshúsa. Þá er þar lögð sérstök áhersla á mikilvæga götumynd Selvogsgötu og húsagerðir við hana.

Á svæðum í flokki I og flokki II verði ekki gert ráð fyrir niðurrifi húsa nema í algjörum undantekningartilvikum. Við viðhald og endurbyggingu húsa yrði gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er.

Í könnuninni er einnig gerð tillaga um að friða hús nr. 41 við Suðurgötu (St. Jósefs-spítali) sem Guðjón Samúelsson arkitekt teiknaði en húsið var byggt 1926, Ölduslóð 38 sem var byggt 1960 og Gísli Halldórsson arkitekt/ Stefán Sigurbentsson teiknuðu og Ölduslóð 40 sem var byggt árið 1955 og Sigvaldi Thordarson arkitekt teiknaði.

Auk þeirra húsa sem þegar hafa verið nefnd eða eru friðuð vegna aldurs er gerð tillaga um friðun húsa nr.13 við Brekkugötu sem er „eitt glæsilegasta dæmið um íslenskan sveitserstíl“ og 25 við Brekkugötu sem er „eitt merkilegasta og sérkennilegasta verk steinsteypuklassíkur“ (H.Á. Íslensk byggingararfleifð).

**Hverfisvernd**

Samkvæmt stefnumörkun um húsverndun í Hafnarfirði er Selvogsgata í sérstökum flokki þar sem götumynd er sérstök svo og fjölbýlishús norðan götu. Deilskipulagið gerir ráð fyrir að götumyndin verði hverfisvernduð en það þýðir óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Halda skal í steyptar girðingar sem einkenna norðurhlið götunnar eins og unnt er. Engar viðbyggingar eða breytingar á götuhlið húsanna né girðingum verða heimilaðar nema að undangengnu samþykki Minjastofnunar Íslands og Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Húsaröðin frá nr. 7-25 austan Suðurgötu frá fyrri hluta síðustu aldar er í Schweitser- og nýklassískum stíl verður hverfisvernduð. Hverfisverndin felst í að ekki má breyta útliti eða formi húsa frá upprunalegu útliti. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni.

**SÉRSKILMÁLAR FYRIR EINSTAKAR GÖTUR**

**Brekkugata**

Hús nr. 5, 8, 9, 10, 11 og 12, við Brekkugötu voru byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Hús sem eru eldri en hundrað ára eru friðuð samkvæmt 29. gr. laga um menningar-minjar nr. 80/2012. Óheimilt er að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Við Brekkugötu 5 – 16 er nær samfelld byggð bárujárnsklæddra timburhúsa frá fyrri hluta 20. aldar sem hefur mikið varðveislugildi. Það þarf því sérstaka aðgát við breytingar á þessum húsum. Engar breytingar leyfðar á þeirri hlið húsa sem snýr að götu nema ef verið er að færa útlit til upprunalegs horfs.

Við Brekkugötu 18- 26 eru húsin steypt, standa þétt við götuna og nýtingarhlutfall hátt. Þar eru því litlir möguleikar til stækkunar.

Þakhæð allra húsa við Brekkugötu haldist óbreytt.

Ástæða þykir til að halda í sitkagreni og gamlan hegg á lóð nr.12. Hafa skal samband við garðyrkjustjóra Hafnarfjarðarbæjar áður en hreyft er við þeim.

**Hlíðarbraut**

Öll íbúðarhúsin nema Hlíðarbraut 6-8 eru einbýlishús.

Hús nr 2 og 3 við götuna eru byggð fyrir 1925 og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Götumynd austan götu er nokkuð heilleg og ber að varðveita hana með því að ekki verður heimilt að breyta götuhlið húsa hvað varðar ytra yfirborð nema ef verið er að færa útlit til upprunalegs horfs.

Þá er ástæða til að halda í gamalt birkitré við Hlíðarbraut 1. Hafa skal samband við garðyrkjustjóra Hafnarfjarðarbæjar áður en hreyft er við því.

**Holtsgata**

Meðalstærð lóða við Holtsgötu er 290 $m^2$ og meðalstærð íbúða 100 $m^2$ en meðalnýtingarhlutfall lóðanna er 0.64. Flest húsin norðan götu eru einbýli, þau vestustu byggð á árunum 1931-1950, efsta og nýjasta húsið var byggt 1960.

Elsta húsið við götuna er nr. 9 er byggt árið 1906. Það er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þess hyggjast breyta, flytja eða rífa húsið (lög nr. 80/2012).

**Jófríðarstaðavegur**

Neðstu húsin næst götu eru byggð á fyrsta tug 19. aldar. Hús nr. 7, 9 og 15 eru friðuð samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Götumyndina er einstök og verða engar breytingar leyfðar á þeirri hlið húsa sem snýr að götu frá húsi nr. 6 og að húsi nr. 17. Byggingarlína við götu haldist óbreytt svo og yfirborðsefni húsa.

**Selvogsgata**

Meðalstærð lóða við sunnanverða Selvogsgötu er 318 $m^2$ en flestar eru þær 196 - 225 $m^2$. Meðalstærð íbúða í þessum húsum er um 95 $m^2$. Norðan götunnar eru fjögur fjölbýlishús byggð 1934 en þau eru fyrstu verkamannabústaðirnir sem reistir voru í Hafnarfirði. Fimmta fjölbýlishúsið er á lóð nr. 21, byggt 1948.

Meðalnýtingarhlutfall lóða sunnan götu er 0.63 en fjölbýlishúsalóða norðan götu er 0.58.

Halda skal núverandi yfirborði/klæðningu húsa óbreyttu eins og kostur er. Við viðhald og endurbyggingu er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Ekki er gert ráð fyrir niðurrifi húsa nema í undantekningartilvikum og komi nýtt hús í stað húss sem hefur horfið skal rúmmál og mænishæð þess ekki vera meira en þess húss sem fyrir var.

Þrjú húsanna við götuna, nr. 1, 3 og 6, voru byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

*Selvogsgata 1:* Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir lóð nr. 1 er heimilt að byggja eina hæð við kjallara hússins með flötu þaki innan byggingarreits, hæð hans getur mest verið 65 sm yfir núverandi götuhæð. Þá er heimilt að reisa viðbyggingu við 1. hæð, 2.1 m x 4 m. Hún skal hafa mæni og sama þakhalla og núverandi hús.

*Hverfisvernd Selvogsgötu:*

Götumynd Selvogsgötu verði hverfisvernduð þannig að allar breytingar á byggðinni skulu skoðast sem hluti af heild og hvert tilfelli metið sérstaklega. Engar viðbyggingar verði leyfðar í götulínu og hæð húsa frá götu haldist óbreytt. Leita skal umsagnar Byggðasafns Hafnarfjarðar og Minjastofnunar Íslands varðandi allar fyrirhugaðar breytingar á húsum og girðingum við götuna.

**Suðurgata**

Hús nr. 9, 11, 15, 25, 31, 33, 35, 35b,45, 47, 51, 67 og 74 við Suðurgötu voru byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Hús sem eru eldri en hundrað ára eru friðuð samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Hús nr. 75-85 við Suðurgötu, verkamannabústaðir, voru byggð 1949. Halda skal útlit ytra birðis þeirra, tröppum og gluggum í upprunalegri mynd.

Suðurgata 70: Samkvæmt samþykkti dags 14.7.1996 skal ekki byggja til norðausturs á lóðinni skv. skilmálum Brunamálastofnunar ríkisins.

Aldur og byggingarstíll húsa austan Suðurgötu er mjög breytilegur. Elsta húsið, Suðurgata 11, er byggt 1886 og það yngsta Suðurgata 61 frá 1961. Nokkur hús eru samkvæmt töflu skráð yngri í fasteignaskráningu en elsti hluti þeirra er ef viðbygging hefur verið stærri en upprunalega húsið.

Götumynd frá Suðurgötu 9 að Selvogsgötu er heilsteypt og falleg og skal varðveita hana. Ekki er heimilt að hækka mæni á þessum húsum. Þá skal varðveita steypt gindverk við götu framan við hús nr. 23 -27.

Byggðin frá Selvogsgötu að horni Suðurgötu 88 er sundurleitari og ástand bygginga misgott. Glæsilegast er hús við Suðurgatu 41, St. Jósepsspítali sem skipulagið gerir ráð fyrir að verði friðað.

Ástæða þykir til að halda í eftirtalin tré: Þrjú reyniviðartré við Suðurgötu 27 sem eru sennilega næstelstu tré bæjarins frá 1921, garðahlynur á horni Suðurgötu og Selvogsgötu, ilmbjörk við Suðurgötu 33, fallegt og stakstætt tré og garðahlynur við Suðurgötu 45 sem hefur trúlega verið gróðursettur 1930. Þá eru einnig hrossakastanía, ölur og gullregn við nr. 47 þess virði að halda í. Hafa skal samband við garðyrkjustjóra Hafnarfjarðarbæjar áður en hreyft er við þessum trjám.

*Hverfisvernd við Suðurgötu*

Húsaröðin frá nr. 7 til nr. 25 austan við Suðurgötu verði hverfisvernduð.

Hverfisverndin felst í að ekki má breyta útliti eða formi húsa frá upprunalegu útliti. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni.

**Í Minjalögum sem tóku gildi 1. janúar 2013, segir eftirfarandi um friðuð hús:** 29. gr**.** *Friðuð mannvirki.*
Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.
30. gr. *Verndun annarra húsa og mannvirkja.*
Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst

tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis

.




Horft til norðurs. Horft til austurs.

**Suðurgata 9,** áður Brattagata 3.

| | |
|---|---|
| **Sérheiti:** | Blöndalshús. |
| **Byggt:** | 1884. |
| **Fyrsti eigandi:** | Magnús T.H. S Blöndahl. |
| **Hönnuður:** | Magnús T.H. S Blöndahl. |
| **Tegund:** | Bárujárnsklætt timburhús, hlaðinn kjallari. |
| **Upphafleg notkun:** | Verslunar og íbúðarhús. |
| **Helstu breytingar:** | Skúr 1987. |
| **Aðrar upplýsingar:** | **Brunavirðing 23.mai 1917. Bók A, bls. 148.** |

Þá er húsið við Bröttugötu 3. Eigandi er Guðmundur Sigurjónsson.
Húsið er tvílyft með risi, hæð 2.80 m.
Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús. Stofurnar eru fóðraðar, allt málað.
Uppi er því skipt 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel og stofurnar fóðraðar, allt málað, notað til íbúðar.
Stærð hússins: 7.70 x 6.45 m. Hæð 5.60 m.
Gluggar: 14. Eldavélar: 2. Ofnar: 2.
Við norðurgafl hússins er anddyri ásamt geymslu, undir einu þaki, tvílyft , klætt innan með panel.
Stærð: 3.30 x 6.45 m, hæð 5.60 m, gluggar 2.
Efni: Timbur pappavarið, þakið járnvarið
Við austurhlið hússins er inngönguskúr, tvílyftur, með vatnshallaþaki.
2.00 x 2.00 m, hæð 5 m. Gluggar: 1.
Efni: Timbur, þakið jánvarið.

**Lýsing á húsinu úr „Bæjarlýsing og ábúendatal í Hafnarfirði“ Gílsa Sigurðssonar pól árið 1940.**

Blöndalshúsið.
Var stórt timburhús tvílyft með risi. Það stóð á grunni hlöðnum af grágrýti. Allt húsið var klætt utan bárujárni. Á vestur- og framhlið voru átta gluggar, fjórir á hvorri hæð. Á suðurgafli voru þrír gluggar, tveir uppi einn niðri og fjórir uppi í risinu. Á suðurgafli ofanverðum voru dyr. Við efri hliðvar skúr og náði allt upp undir þakskeggið. Norðan við

skúrinn voru fjórir gluggar, tveir niðri, tveir uppi fyrir efri hæð. Á norðurgafli var einn gluggi uppi í risinu. Við gaflinn stór og rúmgóður skúr.
Andyrið: Steinþrep var við aðaldyr hússins. Tvennar vængjahurðir voru fyrir dyrum, féllu aðrar út hinar inn. Anddyrið var allrúmgott. Gengt dyrum var stígi upp á loftið. Undir stiganum skápur og þröngur gangur milli hans og útveggs.
Verslunin: Á vinstri hönd úr anddyri voru dyr fram við gafl og þar inn af var verslunin sem tók helming vestuframhliðar. Afgreisluborðið lá þvert um verslunina og hleri alveg við millivegg og og þar gengið innfyrir búðarborðið. Við veggi og þil voru borð með skúffum og hyllum þar upp af. Skúffur voru í borðinu. Í skúffum þessum var allskonar varningur og eins í hyllum. Í lofti héngu allskonar búsáhöld, eins og tíðkaðist og var í flestum búðum. Tveir gluggar voru á framhlið fyrir búðina.
Skrifstofan: Á þverþili voru dyr í skrifstofuna. Þar var einn gluggi. Skifborðið stóð þar frma við gluggann og stóll og setbekkur við milliþil. En upp af honum á þilinu voru varninghyllur.
Geymslan: Á þverhliði voru dyr í herbegi sem notað var fyrir geymslu, Sexrúðu gluggi sneri fram. Hér var allskonar varningur geymdur bæði í hyllum og héngu á krókum í loftinu. Geymsla þessi lá þvert um húsið norðurenda.
Skúrinn: Neðri hluti hans var það rúmgóður að hann var notaður fyrir hesthús. Mátti hafa þar þrjá hesta.
Loftið: Stíginn var rúmlega álanbreiður. Handrið var á honum eins og grindverk kringum loftgatið. Beggja vegna stigans var hægt að ganga fram að gaflglugganum. Á milli þili voru snagar fyrir allskonar útifatna,. En við útvegg stóðu tunnur og fleiri ílát. Þarna var geymsla fyrir ýmiskonar varning heimilisins.
**Stofan:** Á milliþili á vinstri hönd við stigann voru dyr, er láu í aðalstofu hússins.Þrír gluggar voru á stofunni. Einn á suðurgafli, tveir á vesturhlið. Á gólfinu miðju stóð borð og stólar í kringum það. Við einn vegginn var leubekkur, við gluggann tvö smáborð og rétt við dyrnar stóð orgel- Harmóníus. Húsbóndinn lék á það hljóðfæri. Í horni var ofn.
**Svefnherbergi:** Á þverþili voru dyr í þetta herbergi. Tveir sexrúðugluggar voru á framhlið. Stór rúmstæði var í herberginu, stólar og dragkista og barnarúm eftir að börnum fjölgaði.
**Eldhúsið:** Frá stigauppgöngunni voru dyr á þverþili í eldhúsið sem var um fjórði hluti loftsins. Á hliðinni var sexrúðu gluggi og borð með skápum þar undir, Norðan gluggans var diskarekkur, Eldavél stóð í krók milli þils og þver þils og skermur yfir yfir henni. Dyr láu út úr eldhúsinu á millivegg fram í svefnherbergið. Á hægri hönd við gluggann voru dyr er láu fram á loft skúrsins. Þar stóð vatnstunnan,
**Búrið:** Á þverþili nyrst í eldhúsinu voru dyr á þili yfir í búrið.Gluggi með þremur rúðum voru á hliðinni. Hér inn var aðalforðabúr matar til heimilisisn og því voru hér hyllur, skápar og borð.
**Efraloftið:** Upp með þverþili til hægri við eldhúsdyr lá mjór stigiupp á loftið. Á miðloftinu var geymsla. Gluggi var á þakinu. Í hvorum enda voru herbergi allrúmgóð. Sexrúðu gluggar voru á hverju herbegjanna. Framloftið var ekki þiljað innan, en herbergin bæði þiljuð. Tvö rúm voru að jafnaði í hvoru þessara herbergja.
**Gaflskúrinn:** Hann var upphaflega geymsla. En síðar var hann hólfaður sundur. Var annar hluti hans heygeymsla, eða heyhlaða, en hinn sem var minni var fjós fyrir tvær kýr. Fjóshaugur var á milli þessa húss og Góðtemplara hússins sem byggt var um svipað leyti. Síðan var byggt við Góðtemplarahúsið og það var skúr Blöndalshúss stækkaður alveg út að því húsi. Stór matjurtagarður var ofan við Blöndalshús. Grasflöt framan við það. Upp með suðurgafli lá svo Sýslumannsstígurinn, síðar Brattagata sem nú er aðeins gangstígur. Sleðabrekkan besta.

Magnús Th. S. Blöndal byggði hús þetta 1885, og bjó hann þar fram um aldamót. Hann var mjög athafnasamur hér, var trésmiður kaupmaður, og gerði út fiskiskútur, kúttera. Lúðvík Geirsson 1994: Magnús Th.S. Blöndal rak verslun á neðri hæð hússins á árúnum 1889-1899.

1933 viðbygging.
2001 þaksvalir yfir viðbyggingu, reyndarteikningar Sigurþór Aðalsteinsson.
Aðrar byggingar á lóð:
1980 Bílskúr.

**Heimild:** Brunabótafélag Íslands., Reykjavík: Brunavirðing 23.mai 1917. Bók A, bls. 148.
Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2013.
Gílsa Sigurðssonar pól, árið 1940. Bæjarlýsing og ábúendatal í Hafnarfirði“
Lúðvík Geirsson 1994. Höfuðstaður verslunar. Saga verslunar og kaupmennsku í Hafnarfirði í sex hundruð ár bls. 185.
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar Hafnarfjörður 1994.

**Varðveislumat:**

| | | |
|---|---|---|
| **Byggingarstíll:** | 3 | Timburklassík |
| **Menningarsaga:** | 2 | Hefur bæði verið verslunarhús og íbúðarhús. Í viðbyggingu við norðurenda var í fyrstu fjós og hlaða. Saga hússins merk. |
| **Umhverfi:** | 2 | Mikilvægur hluti af götumyndinni |
| **Upprunaleiki:** | 2 | Húsið lítið breytt |
| **Tæknilegt ásatand** | 3 | Gott |
| **Varðveislugildi** | 2 | Húsið hefur mikið varðveislugildi vegna mennigarsögu, upprunaleika og götumyndar. |
| **Hverfisverndarflokkur:** | | Blár |



Sýslumannshúsið við Suðurgötu 11.
Horft í norður.



Sýslumannshúsið þegar að stóð við Suðurgötu 8.
Horft í austur.

| | |
|---|---|
| **Suðurgata 11** | Áður Suðurgata 8. |
| **Sérheiti:** | Sýslumannshúsið. |
| **Byggt:** | 1886 (FMR). |
| **Fyrsti eigandi:** | Franz Siemsen sýslumaður. |
| **Hönnuður:** | Óþekktur. |
| **Tegund:** | Bárujárnsklætt timburhús, upphaflega hlaðinn kjallari, nú steyptur. |
| **Upphafleg notkun:** | Íbúðarhús og embættisbústaður. |
| **Helstu breytingar:** | Húsið flutt frá lóðinni Suðurgata 8 að núverandi lóð Suðurgötu 11 og það endurbyggt þar 1993 Þá var einnig innra skipulagi hússins breytt.<br>Á fyrri staðnum hafði árið 1944 verið byggt við húsið samkvæmt teikningu Guðjóns Samúelssonar. 1997 voru gluggar endurnýjaðir og húsinu skipt í tvær íbúðir.<br>1993: Innra skipulagi breytt.<br>1997: Gluggar endurnýjaðir. Tvær íbúðir. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Þegar fyrsta skóflustunga var tekin að safnaðarheimilinu Strandbergi og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar haustið 1992 var Sýslumannstúninu fórnað en þar hafði verið útbúinn skrúðgaraður um það leyti er bílastæði var útbúið við gamla bifreiðaeftirlitið/ lögreglustöðina. Þangað voru flutt forn Reyniviðartré sem áður stóðu við suðurgafl sýslumannshússins og talin eru hafa verið gróðursett af Franz Siemsen. Um afdrif trjánna er ekki vitað.<br>**Samkvæmt Húsakönnun Gyðu Gunnarsdóttir frá 1992** (óútgefið)<br>Á þessari lóð Suðurgötu 11 stóðu fyrir aldamótin (1900, innsk. KG.) tvö hús. Organistahúsið og Ögmundarhús.<br>Þau voru svipuð að gerð einlyft bárujárnsklædd timburhús á hlöðnum grunni. Organgistahúsið var eldra reist 1833 og stóð þar heldur sunnar en Ögmundarhús. Það var kennt við Einar Einarsson organista frá Laxárdal. Það var flutt á Mölina árið 1897. Þar var lengi verslunin Álfafell. Ögmundarhús var kennt við Ögmund Sigurðsson kennara og síðar skólastjóra Flensborgarskólans. Hann kom til Hafnarfjarðar árið 1896.<br>Húsið stóð síðustu árin yfirgefið, en var rifið árið 1966. Eftir það stóð lóðin auð, en nú árið 1992 verður Sýslumannhúsið flutt á lóðina.<br><br>**Lóðamat 1913 fyrir Bröttugötu 1, sem síðan verður Suðurgata 8**.<br>Lóðin er öll að stærð 2259 fermetrar að flatarmáli umgirt og þannig útlítandi: Meðfram Bröttugötu 51.5 metrar, meðfram Strandgötu 45 metrar, þá meðfram þjóðkirkjusafnaðarins 40 metrar, þaðan meðfram lóð<br>Dvergasteins 12 metrar, þaðan með hornmarkalínu Dvergasteinslóðarinnar |

| | |
|---|---|
| | 20 metrar, þá langs með lóð Goodtemplara 12 metra frá útnorðri til landssuðurs, þaðan með lóð H/F P.J. Thorsteinsson & Co. 6 m frá landnorðri til útsuðurs. Þaðan meðfram sömu lóð 21 meter.<br>Árlegt gjald 25 krónur. 16. nóvember 1913. |
| **Heimild:** | Gyðu Gunnarsdóttir frá 1992. Húsakönnun (óútgefið).<br>Lóðamat 1913 fyrir Bröttugötu 1, sem síðan verður Suðurgata 8.<br>Fasteignamat ríkisns. Fasteignaskrá 2013. |

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| **Byggingarstíll:** | 2 | Hús í góðum hlutföllum og gluggar samkvæmt upprunalegi gerð. Dansk-íslenskt timburhús. |
| **Menningarsaga:** | 2 | Fyrsti eigandi sýslumaður og húsið glæsilegt |
| **Umhverfi:** | 1 | Mikilvægur hluti af götumynd Suðurgötu |
| **Upprunaleiki:** | 4 | Húsinu hefur verið breytt, kjallari steyptur þegar það var flutt 1992 og gerðar tvær íbúðir. |
| **Tæknilegt ástand** | 2 | Í góðu ástandi |
| **Varðveislugildi** | 2 | Húsið hefur mikið varðveislugildi vegna byggingarstíls og staðsetningar. |
| **Hverfisverndarflokkur:** | | Blár |


Horft til suðausturs.


Horft til suðausturs.

**Suðurgata 15** Áður Strandgata 49.

**Sérheiti:** Vinaminni**.** Mýrdalshús. Nú Vinaminni (2013).

**Byggt:** 1909-1910. (FMR 1905).

**Fyrsti eigandi:** Böðvar Böðvarsson.

**Hönnuður:** Hörður Ágústsson skilgreinir húsið: Íslenski Sveiser.

**Tegund:** Húsið einlyft með porti og risi og kvisti.

**Upphafleg notkun:** Íbúðarhús.

**Helstu breytingar:** 1940 bílskúr hönnuður ekki skráður á teikningu.

**Aðrar upplýsingar:** Brunavirðingu 13. september 1917, bók A bls. 15. Þá Strandagata 49.
Húsið er einlyft með porti og risi 3.80 og kvisti. Því er skipt niður í þrjár stofur, eldhús búr og anddyri allt klætt og panel og fóðrað.Uppi er því skipt í sjö herbergi og anddyri allt klætt panel og fóðrað. Allt raflýst og eingöngu notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari honum er skipt í fjögur herbergi, nefnil. baðherbergi, þvottaherbergi, og tvö geymsluherbergi. Við Noðurgafl hússins er anddyri með risi 1m, allt klætt innan með panel skift í tvennt. Húsið er einlyft með porti og risi 2 m skipt í þrennt. Klætt innan með panel notað til gripa- og heygeymslu.
Brunavirðingu 13. september 1917, bók A bls. 15. Þar segir um Suðurgötu 15: Í brekkunni norðan undir Undirhamarstúngarðinum þar sem nú er húsið Suðurgata 15, Mýrdalshús, stóð áður hús sem var kallað Klúbburinn. Klúbburinn var gisti- og veitingahús reist 1875 af Clausen veitingamanni frá Keflavík. Þar voru haldnar dansskemmtanir og veislur, en þetta var fyrsta húsið í Hafnarfirði reist í þeim tilgangi. Húsið var einlyft timburhús með risi og hlöðnum kjallara. Gengið var inn í húsið á miðri framhlið þess. Einnig var inngönguskúr bakatil. Húsið var allt timburklætt. Umhverfis það var hlaðin grjótveggur og mun meiri lóð, en nú er á þessu svæði. Næsti bær norðan við var Undirhamar steinbær byggður 1867, þar er nú Suðurgata 21. Árið 1882 keypti Böðvar Böðvarsson bóndi frá Melstað í Miðfirði húsið og hélt þar áfram veitingarekstri jafnframt því sem hann stundaði önnur störf. Árið 1908 var Klúbburinnn rifinn. Böðvar sonur hans sem var bakari, verslunarmaður og rak togaraútgerð í Hafnarfirði reisti árið 1909-1910 húsið sem nú stendur á lóðinni. Það er innflutt katalóg hús frá Noregi. Einlyft bárujárnsklætt með porti og risi og stendur á hlöðnum kjallara. Að framan er stór kvistur. Inngöngudyr á norðurgafli með lituðu gleri. Eining er inngönguskúr bakatil. Mikið og fagurt skraut var á húsinu á þaki og kringum glugga. Það var síðar fjarlægt til að varna því skemdum og er nú geymt í Ásbúðarsafni á Þjóðminjasafninu. Húsið er kallað Mýrdalshús eftir Sigurjóni Mýrdal stýrimanni sem bjó í því um tíma.
Graunnflötur: 10.30 x 9 m. Hæð 4.50 m. Gluggar: 18. Eldavélar: 1. Ofnar: 4.

„Suðurgata 15 er fallegt hús gamalt hús vert skoðunnar. Það reisti Böðvar Böðvarssonbakarameistari 1908, og kallaði Vinaminni. Stefán Eiríksson myndskeri skar út á það drekamyndir þæru eru nú horfnar en munu vera til á safni“. Heimild: Ingólfur Davíðsson.

Hörður Ágústsson skilgreinir húsið: Íslenski sveiser. Og segir það byggt 1908.

**Heimild:** Brunavirðingu 13. september 1917, bók A bls. 15
Fasteignamat ríkisns. Fasteignaskrá 2013.
Hörður Ágústsson 2000. Íslensk byggingararfleið II. Bls. 359. Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000.
Gyða Gunnarsdóttir frá 1992. Húsakönnun (óútgefið).
Ingólfur Davíðsson 1977. Tíminn 28. maí 1977 bls. 8: Byggt og búið í gamla daga, 175.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| **Byggingarstíll:** | 1 | Bárujárnssveitser, innflutt katalóghús |
| **Menningarsaga:** | 3 | Innflutt hús, áður mikið skraut á þaki og kringum glugga, sýnir velmegun athafnamanns síns tíma. |
| **Umhverfi:** | 1 | Mikilvægur hluti af götumynd Suðurgötu |
| **Upprunaleiki:** | 3 | Húsinu hefur verið lítið breytt, skraut umhverfis þak og glugga verið fjarlægt |
| **Tæknilegt ástand** | 2 | Í góðu ástandi, klæðning endurnýjuð 1994 |
| **Varðveislugildi** | 2 | Húsið hefur mikið varðveislugildivegna byggingarstíls, staðsetningar og menningarsögu. |
| **Hverfisverndarflokkur:** | | Blár |


Horft í austur.


Horft í norður, eftir Suðurgötunni eftir 1931.

## Suðurgata 25

**Byggt:** 1889 (FMR).
**Sérheiti:** Stefánshús.
**Fyrsti eigandi:** Stefán Sigurðsson.
**Hönnuður:** Stefán Sigurðsson.
**Tegund:** Bárujárnsklætt timburhús, upphaflega hlaðinn kjallari.
**Upphafleg notkun:** Íbúðarhús.
**Helstu breytingar:** Fyirir liggur að húsið hefur bæði verið lengt og fengið voldugan miðjukvist.
1931: FMR. Bílskúr byggður.
**Aðrar upplýsingar:** Stefánshús við Suðurgötu 25 er byggt af Stefáni Sigurðssyni trésmiði og gefur gagnagrunnur Fasteignamats ríkisins upp ártalið 1889 sem er líklega rétt samanborið við upplýsingar í texta **Magnúsar Jónsonar** fyrrverandi bæjarminjavarðar í bókinni Bær í byrjun aldar. Í bók **Harðar Ágússonanar** Íslensk byggingararfleið I segir “Einn kunnasti forsmiðurinn sem skilið hefur eftir sig þekkt verk í Hafnarfiði er Stefán Sigurðsson (1859-1906), en það er hús hans sjálfs við Suðgötu 25.“ Húsið stækkað af syni Stefáns, Sigurði Jóel trésmiði einhverntíman fyrir árið 1914 en það ár lést Sigurður. Engar fyllri upplýingar er að finna um það í hverju stækkun Sigurðar fólst, e.t.v. lengdi hann húsið og/eða setti miðjukvist. Teikning fengin í skjalageysmlu byggingafulltrúa gefur til kynna að 8. maí 1928 hafi Ásgeir G. Stefánsson fengið heimild til að breyta húsinu en teikningin gefur ekki til kynna í hverju breytingin fólst.
Teikning byggingafulltrúa 2008: Byggður bílskúr norðan við húsið hönnuður Friðrik Ólafsson.
**Heimildir:** Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2013.
Hörður Ágústsson 1998. Íslensk byggingararfleið I, bls.181 Húsafriðunarnend 1998.
Magnús Jónsson 1987. Bær í byrjun aldar, Hafnarfjörður 3. útgáfa, bls. 25. Skuggsjá.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| **Byggingarstíll:** | 2 | Bárujárnsklætt timburhús á hlöönum kjallara. Hús í góðum hlutföllum, stíll nánast dansk-íslenskt timburhús. |
| .**Menningarsaga:** | 2 | Stefán Sigurðson forsmiður (trésmiður) byggði húsið fyrir sig. Sigurður Jóel sonur hans stækkaði húsið. |
| **Umhverfi:** | 1 | Mikilvægur hluti af götumynd Suðurgötu |
| **Upprunaleiki:** | 4 | Húsinu hefur verið breyttfrá upprunalegri gerð, það lengt og settir kvistir. |
| **Tæknilegt ásatand** | 2 | Í góðu ástandi, gluggum breytt í upprunalegt horf 1997. |
| **Varðveislugildi** | 2 | Húsið hefur mikið varðveislugildi. Reisulegt timburhús, verk merks forsmiðs, og er mikilvægur hluti af götumyndinni. |
| **Hverfisverndarflokkur:** | | Blár |



**Suðurgata 31,** var áður Suðurgata 5.



Húsið sem er fremmst á myndinn er Suðurgata 29 en það hús er horfið í dag en hin húsin eru Suðurgata 31 og 33 standa enn, einnig sést í gaflinn á Gíslabúð. Lengst til vinstri er Hliðabraut 2.

| | |
|---|---|
| **Suðurgata 31,** | Var áður Suðurgata 5. |
| **Byggt:** | 1906 (FMR). |
| **Sérheiti:** | Bræðraborg. |
| **Fyrsti eigandi:** | Þorsteinn Ásbjörnsson húsasmiður (BÍ/1916). |
| **Hönnuður:** | Ókunnur. Mögulega sama teikning og 33 en með breytingum. |
| **Tegund:** | Bárujárnsklætt timburhús, hlaðinn kjallari. |
| **Upphafleg notkun**: | Íbúðarhús. |
| **Aðrar upplýsingar:** | Brunavirðing 1. des 1916, Bók A bls. 20, þá Suðurgata 5. Húsið er ein hæð með porti og kvisti og risi sem er 2.50 m Niðri er því skipt í 4 stofur og eldhús. Klætt innan með panel og 3 stofurnar fóðrar allt málað. Upp er skipt í 5 herbergi og eldhús. Klætt innan með panel. Eitt herbergi fóðraðallt málað. Húsið er notað til íbúðar.Andyri við norðurgafl hússins með risi 0.80 m. Einnig er áfastur inngangskúr við austurhlið hússins með vatnahalla þaki. Þar að auki geymsluskúr að norðan við austurhlið og suðurgafl hússins gerður úr grásteini steinlímdur. Íbúðarhúsið er raflýst. Heyskúr einlyft með vatnshalla þaki. Grunnflötur 8 m x 6.70 m. Hæð 3.7 m.Gluggar:12.Eldavélar: 2. Ofnar: 5. |
| **Helstu breytingar:** | 1981 Guðni Gíslason bíslag við inngang, gerð íbúð í risi. 1987 Aðrar byggingar á lóð: Skúr (verkstæði) 1987 Guðni Gíslason |
| **Heimildir:** | Brunabótafélag Íslands. Brunavirðing 1. des 1916 bls.20. Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2013. Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. |

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| **Byggingarstíll:** | 3 | Bárujárnsklætt timburhús á hlöðnum kjallara í góðum hlutföllum, upphaflega með sveitserívafi. |
| **Menningarsaga:** | 4 | Húsið nefndist Bræðraborg, fyrsti eigandi Þorsteinn Ásbjörnsson húsasmiður, gæti hafa byggt það. |
| **Umhverfi:** | 2 | Áberandi í brekku þar sem gatan hækkar og er mikilvægur hluti af götu-myndinni. |
| **Upprunaleiki:** | 4 | Húsinu hefur verið breytt, bjórar ofan glugga fjarlægðir og byggt anddyri við suðurgafl 1987. |
